

## Næringerviðbót / næringardrykkir

Nærингardrykkir eru orku- og próteinríkir drykkir sem fást í öllum helstu apótekum. Þeir innihalda 300-400 kcal og 12-20 g af próteinum ásamt vítamínum og steinefnum. Til eru mismunandi tegundir drykkja í ýmsum bragðtegundum og einnig eru til sérhæfðir drykki fyrir ákveðna sjúkdóma. Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) greiða hlut í þessum drykkjum [ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt](#). Styrkirnir eru 90% með ákveðinni hámarksupphæð á mánuði. Upphæðin er breytileg eftir heimildum enda dýrari vörur þegar um er að ræða sérhæfða næringardrykki. Nánari upplýsingar um hámarksupphæðir heimilda má finna í [reglugerð um styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði](#).

### Umsókn um niðurgreiðslu fyrir næringardrykki til Sjúkratrygginga Íslands

Læknir og/eða næringarfræðingur metur þörfina fyrir næringarefni og/eða sérfæði og sækir um styrk. Krafa um læknisvottorð sem áður var hefur verið feld burt nema í undantekningartilvikum þar sem Sjúkratryggingar Íslands telja vottorð læknis nauðsynlegt.

#### Framkvæmd:

1. Næringerfræðingur/læknir/hjúkrunarfræðingur sendir umsókn til SÍ í gegnum [Gagnagátt á heimasíðu SÍ](#) eða í gegnum rafrænt eyðublað í sjúkraskrá (valið er í fellivallista "Eyðublöð - Nýtt blað - SÍ umsókn um næringu").
2. Fylla út eyðublað. Hakað er við fyrir:
  - Næringerviðbót vegna vannæringar (ISO 980603)\*  
(almennir næringardrykkir)
  - Næringardrykkir v. lungna- og nýrnasjúkdóma (ISO 980606)
  - Næringardrykkir vegna efnaskiptasjúkdóms (ISO 980609)\*
  - Næringardrykkir vegna bólgsjúkdóma í meltingarvegi, vanfrásogs og lifrarsjúkdóma (ISO 980612)
  - Þykkiefni vegna kyngingarerfiðleika (ISO 980604)
3. Mikilvægt er setja inn sjúkdómsgreiningar, rökstyðja þörfina fyrir næringarviðbót vel og láta fylgja með upplýsingar um þyngdarsögu einstaklingsins.

\*Athugið fyrir Næringerviðbót vegna vannæringar (ISO 980603) og Næringardrykkir vegna efnaskiptasjúkdóms (ISO 980609) gildir:

Miðað er við að BMI (Body Mass Index: þyngd/hæð<sup>2</sup>) sé < 18,5 eða um ≥ 10% þyngdartap sé að ræða á síðustu sex mánuðum þrátt fyrir að BMI > 18,5 eða > 5% þyngdartap á síðustu þremur mánuðum ásamt BMI < 20 ef einstaklingurinn er yngri en 70 ára; BMI < 22 ef einstaklingurinn er eldri en 70 ára eða fitufrír vefur er < 15 kg/m<sup>3</sup> fyrir konur eða 17 kg/m<sup>3</sup> fyrir karla. Að öðru leyti er vísað til 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

## 2. mgr. 4. gr.

Styrkir eru eingöngu veittir til kaupa á lífsnauðsynlegum næringarefnum og sérfæði þegar sjúkdómar eða afleiðingar slysa valda verulegum vandkvæðum við fæðuinntöku og upptöku næringarefna og þegar um langvarandi þörf er að ræða, a.m.k. þrjá mánuði.

Yfirlit yfir hvaða vörur tilheyra hverri heimild má finna í lista [hér](#) undir “Tengt efni”.

Sjá nánar á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands:

<https://island.is/greidluthattaka-vegna-naeringar-og-serfaedis>

<https://island.is/reglugerdir/nr/0055-2009>